

Ár 2007, föstudaginn 26. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-246/2007:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson ftr.)*

gegn

X

*(Torfi Ragnar Sigurðsson hdl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem var þingfest 14. júní sl. og dómtekið 18. október sl., hefur lögreglustjórinn á Selfossi höfðað með ákæru útgefinni 23. maí, á hendur X, kt. 000000-0000, Y, Þorlákshöfn,

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 10. mars 2007, ekið bifreiðinni UA-379, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,54‰) austur Suðurlandsveg áleiðis á Selfoss, uns bifreið ákærða hafnaði utan vegar á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Telst brot ákærða varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. lög nr. 44,1993, lög nr. 57,1997, lög nr. 23,1998, lög nr. 132,2003 og lög nr. 84,2004.“

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði að hafa ekið í umrætt sinn. Fór aðalmeðferð fram þann 18. október sl. og var málið dómtekið þann dag. Krafðist verjandi ákærða sýknu og að sakarkostnaður yrði lagður á ríkissjóð.

#### **Málsatvik:**

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu var tilkynnt til hennar að bifreið hefði verið ekið út af Suðurlandsvegi á Hellisheiði um kl. 01.00 þann 10. mars 2007.

Tilkynnandi kvaðst hafa stansað og rætt við ökumann bifreiðarinnar og séð að

ökumaðurinn var ölvaður. Hafi hann sagt öikumanninn hafa verið einan í bifreiðinni og lýsti öikumanninum þannig að hann væri grannur með pönkklippingu, snöggklipptur í vöngum og með hanakamb. Kvaðst hann hafa séð að bifreiðin var föst í snjóskafli og hafi hann því ákveðið að yfirgefa vettvang og tilkynna þetta til lögreglu. Þegar lögregla kom á vettvang sá hún hvar bifreiðin UA-379 var utan vegar á Helligshéið skammt austan við Hveradali. Slökkt hafi verið á bifreiðinni og maður setið í hægri framsæti. Hafi þar verið um ákærða að ræða. Hann hafi verið áberandi ölvaður og sterk áfengislykt borist frá vitum hans. Aðspurður hvort hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar neitaði hann því en kvað kunningja sinn hafa ekið og hefði sá húkkað sér far í bæinn. Kvaðst hann ekki vilja koma vini sínum í vandræði og neitaði að segja til hans. Aðspurður um kveikjuláslyklana kvað hann kunningja sinn hafa farið með þá í bæinn en við leit í bifreiðinni fundust lyklnir á gólfinu framan við hægri framsæti. Þá hafi nokkrar tómar bjórfloeskur verið á gólfi í bifreiðinni og sex óátekni bjórar. Vélarhlíf bifreiðarinnar hafi verið volg viðkomu og hafi hjólför eftir bifreiðina greinilega sést þrátt fyrir talsverða snjókomu, sem hafi gefið til kynna að stutt hafi verið síðan bifreiðinni hafði verið ekið út af. Þá hafi ákærði verið færður á lögreglustöðina á Selfossi og vistaður í fangaklefa eftir að blóð- og þvagsýni voru tekin úr honum sökum ölvunarstands. Skýrsla var aftur tekin af ákærða hjá lögreglu klukkan rúmlega níu um morguninn. Kvaðst ákærði í þeirri skýrslu aðspurður hafa ekið en ekki fundið til áfengisáhrifa. Kvaðst ákærði hafa drukkið tvo bjóra á tímabilinu frá klukkan 23.00 til 23.30 kvöldinu áður. Síðan hefði hann ekkert drukkið fyrr en eftir að bifreiðin fór út af veginum og hann verið búinn að hringja í bróður sinn til að fá hann til að sækja sig. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið um fjóra bjóra eftir að akstri lauk. Þá var ákærði inntur eftir því síðar í skýrslunni hvaðan hann hafi verið að koma og hvert hann hafi ætlað og kvaðst ákærði hafa verið að koma frá Reykjavík á leið til Selfoss. Þá var hann spurður hvort hann hefði verið einn á ferð og kvaðst ákærði þá kjósa að svara ekki þeirri spurningu. Kvað ákærði að einn maður hafi komið að eftir að bifreiðin fór út af veginum og kannað hvort allt hafi verið í lagi og ákærði játað því og kvaðst bara vera að bíða. Þá var frásögn ákærða um að hann hafi á vettvangi borið því við að kunningi hans hafi ekið bifreiðinni, en sá húkkað sér far í bæinn, borin undir hann. Kvaðst hann hljóta að hafa sagt þetta, varla búi lögreglan það til. Þá var borið undir ákærða að hann hafi, því til viðbótar, sagt að hann vildi ekki koma kunningja sínum í vandræði og því neitað að segja til hans. Kvað ákærði það vera rétt eftir sér haft. Ákærði var þá spurður hvort einhver annar en hann hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn og kvaðst ákærði ætla að taka þessa sök á sig, hann ætli ekki að snúa því frá sér, það sé bara þannig. Þá kemur fram að ákærði ítreki að hann hafi ekið bifreiðinni, svoleiðis hafi það verið og öðru svári hann ekki í þessu sambandi.

Engar frekari skýrslur liggja fyrir í máli þessu.

#### *Skýrslur aðila og vitna fyrir dómi.*

Ákærði kom fyrir dóminn og neitaði að hafa ekið í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa verið í samkvæmi í Mosfellsbæ þetta kvöld og ákveðið að fara austur á Selfoss. Hafi hann því hringt í bróður sinn, Hafstein Ísaksen Hansson, og beðið hann að aka sér þangað, sem og hann hefði gert. Vegna hálfu og ófærðar hefði hann síðan misst stjórn á bifreiðinni og hún farið út af á Helligshéiðinni. Ákærði kvaðst hafa setið í farþegasætinu hægri megin. Hefði hann verið búinn að drekka áfengi áður en

ferðin hófst og hann hefði einnig drukkið bjór eftir að hann var orðinn einn í bifreiðinni. Ákærði kvað bróður sinn hafa farið út úr bifreiðinni og fengið far til Reykjavíkur í þeim tilgangi að ná í aðra bifreið til að sækja ákærða. Hefði hann farið án frekari útskýringa en ákærði hefði orðið eftir í bifreiðinni þar sem þeir hefðu talið líkur á að brotist yrði inn í bifreiðina ef hún yrði skilin eftir mannlauus á Heiðinni. Ákærði hefði því setið í bifreiðinni þegar lögreglan kom á staðinn. Kvað ákærði að bróðir hans hefði komið á öðrum bíl til að sækja sig en þá hefði ákærði verið horfinn. Ákærði kvaðst hafa tekið við lyklunum að bifreiðinni frá bróður sínum þegar hann fór en orðið hræddur þegar lögreglan kom og sett þá undir framsætið. Ákærði kvaðst ekki hafa farið út úr bifreiðinni um leið og bróðir hans og skoðað vegsummerki í kringum bifreiðina eftir að þeir fóru út af. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt hversu langt leið frá því að bifreiðin fór út af og þar til að vegfarandi kom og hafði samband við sig, það gætu verið um fimmtán mínútur en hann gat þó ekki staðfest það. Aðspurður um lyklana á vettvangi kvaðst ákærði hafa orðið hræddur og því sagt kunningja sinn hafa farið með lyklana í bæinn. Ákærði kvaðst hafa drukkið bjór á meðan hann sat í bifreiðinni og beið eftir bróður sínum. Aðspurður um það hvers vegna ákærði hefði játað fyrir lögreglu að hafa ekið bifreiðinni um nóttina, kvaðst hann hafa viljað losna frá lögreglustöðinni og því viljað taka á sig sökina en hann sjái eftir því í dag. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni þannig að hann hefði brólt yfir bílstjórásætið og farið þeim megin út úr bifreiðinni, þar sem ekki hafi verið hægt að opna farþegahurðina nógu vel. Hann hafi verið að því þegar vegfarandi kom að. Aðspurður kvaðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni, eftir að bróðir hans var farinn af vettvangi, og skoðað vegsummerki í kringum bifreiðina. Rúmlega hnédjúpur snjór hafi verið fyrir utan bifreiðina farþegamegin og því verið óhægt um að opna farþegahurðina. Ákærði kvaðst ekki hafa haft tímaskyn á þessum tíma þannig að hann gat ekki sagt til um það hversu langur tími leið frá því að bifreiðin fór út af og þar til lögregluna bar að.

Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa verið staddur í lögreglubifreið á milli Selfoss og Hveragerðis þegar tilkynning kom um útafakstur á Hellisheiði og ölvun. Snjócoma, slabb og skafrenningur hafi verið. Rétt við Skíðaskálabrekkuna hafi bifreið ákærða farið út af veginum en honum hafi verið ekið í austurátt. Bifreiðin hafi verið um fjóra til fimm metra fyrir utan veg, hafi hallað niður á við og framendi bifreiðarinnar snúið frá veginum. Hjólför bifreiðarinnar hafi verið greinileg og ekki farið að fenna í þau og fótspor hafi verið greinileg að og frá bifreiðinni. Ákærði hefði setið í framsæti bifreiðarinnar. Engin spor hafi verið farþegamegin við bifreiðina. Kvað Rúnar það hafa tekið um fimmtán mínútur að aka á vettvang frá því að tilkynningin barst um aksturinn. Á vettvangi kvað hann ákærða hafa sagt kunningja sinn hafa ekið, sem væri farinn til Reykjavíkur, en hann hefði tekið lyklana að bifreiðinni. Rúnar kvaðst hafa hringt í tilkynnandann og fengið upplýsingar um útlit ökumanns á vettvangi og sú lýsing hafi samrýmst útliti ákærða. Kvaðst Rúnar hafa séð bæði tómar bjórdósir í bifreiðinni og svo fullar. Kvaðst Rúnar engan vafa hafa verið í hans huga um að ákærði hafi ekið í umrætt sinn og því ekki talið þörf á því að hafa frekara samband við tilkynnanda. Kvaðst Rúnar hafa opnað hurðina farþegamegin og fundið lyklana þar undir mottunni. Rúnar kvaðst ekki minnast þess að svo mikill snjór hafi verið farþegamegin við bifreiðina að hann hafi torveldað að hægt væri að opna bílhurðina þeim megin.

Olivera Ilic lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvað eins og Rúnar að þau hefðu verið stödd á milli Hveragerðis og Selfoss þegar tilkynning kom um meintan

ölvunarakstur á Hellisheiði. Bifreiðin hafi verið út af veginum vestast á Heiðinni, vestan við Smiðjulautina, í Hveradalabrekkunni, föst í snjó. Þar hafi verið greinileg hjólför eftir bifreiðina og fótspor sem lágu að og frá bifreiðinni. Ákærði hefði setið í farþegasætinu frammi í og sagt þann sem ók hafa farið til Reykjavíkur og tekið lyklana með sér. Olivera kvað bifreiðina hafa verið fasta í snjó, snjór hafi verið yfir jörð og litlir snjóruðningar í vegkantinum. Kvað hún aðeins hafa verið farið að skafa í förin á staðnum en þau hafi samt verið greinileg.

Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom fyrir dóminn og kvað ákærða hafa verið rólegan og yfirvegaðan þegar hann kom í skýrslutöku hjá honum í umrætt sinn. Ekkert hafi bent til þess að ákærða hafi legið á að komast burt af lögreglustöðinni.

Vitnið Hafsteinn Ísaksen Hansson, kt. 000000-0000, Eikarási 1, Garðabæ, bróðir ákærða, kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst hafa sótt ákærða í Mosfellsbæ og ekið honum í átt til Selfoss umrætt sinn. Á leiðinni hafi verið lélegt skyggni og hálka og hann því misst vald á bifreiðinni og misst hana út í kant vegna hálku og ófærðar. Vitnið kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og þá hafi vegfarandi komið að og vitnið fengið far hjá honum til Reykjavíkur í þeim tilgangi að sækja aðra bifreið. Aðspurt kvaðst vitnið hafa farið eitt út úr bifreiðinni, ákærði hefði ekki farið út úr bifreiðinni á sama tíma. Að því er vitnið minnti þá hefði verið þéttur snjór upp að vinstri hlið bifreiðarinnar og því erfitt að opna farþegahurðina. Aðspurður kvaðst vitnið hafa rétt ákærða lyklana að bifreiðinni og ákærði sett þá undir mottu. Vitnið kvaðst hafa fengið far mjög fljótlega eftir að þeir fóru út af. Kvaðst vitnið ekki vita deili á þeim sem hann fékk far með til Reykjavíkur. Tilgangurinn hafi verið að sækja aðra bifreið til að koma þeim bræðrum burt af Heiðinni. Aðspurt um tilganginn með því að sækja aðra bifreið, hvort hefði átt að draga bifreiðina upp, kvaðst vitnið ekki hafa ætlað að draga bifreiðina upp heldur sækja bróður sinn og dót sem var í bifreiðinni.

### ***Niðurstöður.***

Í gögnum málsins liggur fyrir álit Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði þar sem ætlað er alkóhólmagn í blóði ákærða á þeim tíma er akstur fór fram. Verjandi ákærða rengdi ekki það álit og því var ekki talin ástæða til að leiða þá sérfræðinga sem að álitinu stóðu fyrir dóminn auk þess sem ákærði neitaði því ekki að hafa verið ölvaður þegar lögreglan hafði afskipti af honum.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu kemur fram að lögreglan hafi fengið tilkynningu í gegnum FML um ölvunarakstur á Hellisheiði aðfaranótt 10. mars sl. Hefði lögreglan verið stödd á milli Selfoss og Hveragerðis þegar tilkynningin kom og hafi verið um fimmtán mínútna akstur á vettvang. Þegar lögreglan kom á staðinn sat ákærði í farþegasæti bifreiðarinnar frammi í. Neitaði ákærði, þegar lögreglan hafði afskipti af honum á vettvangi, að hafa ekið bifreiðinni en kvað kunningja sinn hafa ekið og hann hefði fengið far til Reykjavíkur. Í skýrslutöku hjá lögreglu morguninn eftir kvaðst ákærði í upphafi skýrslutöku hafa ekið en þegar leið á skýrslutökuna kvaðst hann ætla að taka á sig sökina en gaf ekki upp hver hefði ekið í umrætt sinn. Fyrir dómnum neitaði ákærði að hafa ekið og séð eftir á að rangt hafi verið af honum að ætla að taka á sig sök fyrir annan. Ekki kom fram hjá ákærða hvaða sök

hann tæki á sig en ekkert hefur komið fram um að meintur ökumaður bifreiðarinnar hafi brotið af sér. Bróðir ákærða kom fyrir dóminn og staðfesti að hann hefði ekið í umrætt sinn. Margt er ótrúverðugt í framburði vitnisins og ákærða, svo sem það að þeir hafi ekki viljað skilja bifreiðina eftir mannlausa þegar vitnið fór til Reykjavíkur til að sækja aðra bifreið en samt sem áður átti að skilja hana eftir mannlausa á Heiðinni þegar búíð væri að sækja aðra bifreið. Þá er ósamrými í frásögn ákærða um að hann hafi gengið fram fyrir bifreiðina og skoðað aðstæður áður en lögreglan kom á vettvang en lögreglan sá engin spor nema spor tilkynnanda en þau hafi enn verið skýr í snjónum þegar lögreglan kom að. Þau spor hafa því átt að myndast á sama tíma og spor eftir vegfarandann. Þá bar ákærða og vitninu saman um að ákærði hefði ekki farið út úr bifreiðinni í sama sinn og vitnið fór út. Þá er framburður ákærða ótrúverðugur hvað það varðar að hann hafi ekki komist út úr bifreiðinni farþegamegin og því þurft að klöngrast yfir bílstjórásætið til að komast út úr henni og verið að því þegar vegfaranda bar að, en lögreglan kvaðst hafa auðveldlega getað opnað farþegahurðina þar sem ákærði kvaðst hafa setið þegar bifreiðin fór út af. Við rannsókn málsins hafði lögreglan samband við tilkynnanda atviksins sem fór af vettvangi eftir að hafa tilkynnt lögreglu um það. Segir í lögregluskýrslu að sá aðili hafi lýst útliti ökumannsins og hafi það útlit samsvarað útliti ákærða á þeim tíma. Þetta staðfesti lögreglumaður fyrir dómnum. Ákærvaldið taldi því ekki þörf á að leiða það vitni fyrir dóminn né að taka frekari skýrslu af því.

Í máli þessu er ósamræmi í framburði ákærða og vitna. Þau gögn sem ákærvaldið byggir á í málinu eru eingöngu skýrslur lögreglunnar sem komu á vettvang um það bil fimmtán mínútum eða síðar eftir að tilkynnt var um óhappið. Eina vitnið sem gæti hafa staðfest að ákærði hafi verið einn í bifreiðinni eða staðið hann að akstri var ekki leitt fyrir dóminn né skýrsla tekin af því hjá lögreglu. Eingöngu liggur fyrir símtal lögreglunnar við ónafngreint vitni. Verður því ekki byggt á þeim upplýsingum við mat á því hvort lögfull sönnun hafi verið fram færð um háttsemi ákærða, samanber ákvæði 48. gr. laga nr. 19/1991. Þá hefur bróðir ákærða komið fyrir dóminn og staðfest að hafa ekið í umrætt sinn og gefið á því skýringar hvers vegna hann fór strax af vettvangi. Að nokkru leyti samrýmist sá framburður framburði ákærða þótt ótrúverðugur sé. Er því fram kominn svo mikill vafi í máli þessu að ekki verður hjá því komist að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Að þessum niðurstöðum fengnum og með vísan til 166. gr. laga um meðferð opinberra mála skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Torfa Ragnars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 129.480 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi sótti mál þetta.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun Torfa Ragnars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 129.480 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir.